

Matthías Jónasson

F. 2. september 1902 í Reykjarfirði í Suðurfjarðahreppi, Barðastrandarsýslu, d. 13. mars 1990.

Foreldrar: Jóna Ásgeirsdóttir húsfreyja, f. 20. júlí 1874 í Auðkúluhreppi, Ísafjarðarsýslu, d. 30. september 1938, og Jónas Ásmundsson bóndi í Reykjarfirði, f. 3. september 1865 í Svalbarðshreppi, Þingeyjarsýslu, d. 13. september 1946.

Maki: Gabriele Jónasson (f. Graubner) cand. mag., f. 16. febrúar 1912 í Þýskalandi, d. 2. febrúar 1997. Þau gengu í hjónaband 4. ágúst 1937.

Foreldrar maka: Margarethe Graubner (f. Camear) og Adolf Graubner liðsforingi, síðast í Stuttgart.

Börn: Sigrún, f. 21. febrúar 1938, d. 29. september 2014, Björn f. 8. desember 1939, Margrét f. 21. desember 1949 og Dagbjört f. 28. júní 1952.

Námsferill:

- Stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1930.
- Nám í uppeldisfræði, sálfræði, heimspeki, félagsfræði og mannkynssögu við háskólann í Leipzig. Dr. Phil. frá háskólanum í Leipzig 1935.
- Framhaldsnám í uppeldisfræði og sálfræði við háskólann í Leipzig 1935-1942 (með styrk úr Hannesar Árnasonar-sjóði 1939-1942).

(Sjá einnig viðbæti)

Starfsferill:

- Lektor við háskólann í Leipzig 1935-1941, settur prófessor þar 1941-1945. Í heimild segir: „Jafnframt sérgreinum sínum tók hann að leggja stund á norræn fræði, og síðari ár ófriðarins var hann settur prófessor í norrænum fræðum við Háskólann í Leipzig.“¹
- Forstöðumaður rannsókna á greindarþroska íslenskra skólabarna á vegum menntamálaráðuneytisins 1945-1957. (Greindarþroskaþrófið MJ-56 byggir á þeim rannsóknum).
- Stundakennari í uppeldisfræði við Háskóla Íslands 1952-1957.
- Prófessor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands 1957-1973.

Félagsstörf:

- Forgöngumaður að stofnun Barnaverndarfélags Reykjavíkur (B.R.) 1949, síðar níu barnaverndarfélaga um landið og Landssambands íslenskra barnaverndarfélaga L.Í.B.).
- Formaður B.R. og L.Í.B. um all langt skeið frá stofnun þeirra.
- Frumkvöðull að stofnun Heimilissjóðs taugaveiklaðra barna 1961 og fyrsti formaður hans.
- Stofnfélagi í Félagi íslenskra sálfræðinga 1954 (síðar Sálfræðingafélags Íslands), sat í fyrstu stjórn þess og var formaður félagsins 1958-1961.

Viðurkenningar:

- Félagi í Vísindafélagi Íslendinga frá 1959.
- Heiðursfélagi Sálfræðingafélags Íslands frá 1972.
- R.F. Riddari af fálnkaorðunni 1973.

¹ dr. Matthías Jónasson. Uppeldisvísindalegar rannsóknir. Útvarpstíðindi, 13. tölublað, nóvember 1945, bls. 295-296.. Sótt 29.1 2020.

- Athöfn og orð. Afmælisrit helgað Matthíasi Jónassyni áttæðum. Ritstj. Sigurjón Björnsson. Reykjavík. Mál og menning, 1983.
- Heiðursdoktorsnafnbót, Doctor Educationis Honoris Causa, við Kennaraháskóla Íslands 1989.

Ritstörf:

Árið 1983 kom út afmælisrit helgað Matthíasi áttæðum undir ritstjórn Sigurjóns Björnssonar. Heiti þess er Athöfn og orð. Ritið var gefið út að tilhlutan Háskóla Íslands, Kennarasambands Íslands, Hins íslenska kennarafélags, Kennaraháskóla Íslands, Sálfræðingafélags Íslands og Skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins. Í því eru greinar eftir 21 fræðimann um uppeldis- og sálfræðileg málefni.

Í bókarlok er að finna Ritaskrá Matthíasar 1936-1982 sem Einar Sigurðsson tók saman. Hún er mikil að vöxtum og fer hér á eftir, sett fram á þann hátt sem Einar gerir.

1936

Recht und Sittlichkeit in Pestalozzis Kulturtheori. Berlin, Junker und Dünhaupt Verlag. 195 s. (Neue Deutsche Forschungen, Abteilung Pädagogik, 3.) [Doktorsrit við háskólanum í Leipzig 1935.]

Ritd. Ágúst H. Bjarnason. *Skírnir* 112 (1938): 190-95.

Uppeldið og þjóðin. – *Menntamál* 9: 85-106.

Uppeldi og lífshættir. – *Vísir* (Sbl.) 16. 8.

Kultur und Technik im moderne Island. – Island. *Vierteljahrsschrift der Vereinigung der Islandsfreunde* 21: 101-7.

Umbætur á menntun kennara. – *Alþýðublaðið* 28.9, 29.9, 30.9, 1.10, 2.10, 3.10.

Leiðbeiningar um vinnubókagerð fyrir kennara. Aðalsteinn Sigmundsson, Guðjón Guðjónsson og Guðmundur I. Guðjónsson tóku saman að tilhlutan fræðslumálastjórnarinnar. Rv. 1935 – *Menntamál* 9: 153-54. [Ritd. M.J.]

Skrift og skriftarkennsla. Guðmundur I. Guðjónsson, Sigurður Thorlacius og Steingrímur Arason tóku saman að tilhlutan fræðslumálastjórnarinnar. Rv. 1936. – *Menntamál* 9: 154-55. [Ritd. M.J.]

1937

Leikföng og uppeldi. – *Alþýðublaðið* 14.1, 15.1, 16.1.

Sólheimar í Grímsnesi. Hæli handa fávita börnum. – *Alþýðublaðið* 19.2.

Menntun kennara og menningarframtíð þjóðarinnar. – *Alþýðublaðið* 9.4, 11.4.

Þjóðmenntun og afbrotabörn. Hugleiðingar um uppeldismálaþingið. – *Alþýðublaðið* 13.8, 14.8, 16.8.

1938

Trúarmæti og menntamæti kristindómsins. – *Menntamál* 11: 2-27.

Siðgæðisvitund og skapgerðarlist. – *Skírnir* 112: 76-98.

Samvinna foreldra og skóla. Opið bréf til Reykvíkinga. – *Alþýðublaðið* 22.9.

Símon Jóh. Ágústsson: Leikir og leikföng. Rv., Ísafoldarprentsmiðja, 1938. – *Morgunblaðið* 10.9. [Ritd. M.J.]

1939

Stuttar leiðbeiningar um starfrækslu dagheimila. Gefið út að tilhlutan fræðslumálastjórnarinnar. Rv. 23 s.

Símon Jóh. Ágústsson: Þroskaleiðir. Rv., Ísafoldarprentsmiðja, 1938. – *Menntamál* 12: 119-24. [Ritd. M.J.]

Bühler, Charlotte: *Hagnýtt barnasálfræði*. Ármann Halldórsson þýddi. Rv., Ólafur Erlingsson, 1939. – *Skírnir* 113: 227-29. [Ritd. M.J.]

1940

Uppeldi vandræðabarna í Sviss. Skýrsla til fræðslumálastjórnarinnar. Rv. 43 s.

Machiavelli, Nicolo: Mensch und Staat. Ausgewählt und herausgegeben von Matthías Jónasson. Leipzig, Inzel-Verlag. 76 s. [Eftirmáli útg., s. 64-72.]

1943

Island. Schicksal eines germanischen Stammes. Berlin, Holle & Co Verlag. 335 s. (Nordischer Geist, 1).

„Harðstjórn málsins.“ Nokkrar athugasemdir. – *Frón* 1: 224-31. [Ath. við grein Sveins Bergsveinssonar: Máluppeldi og mállíf, sama rit 1: 91-100. – Svar Sveins er í sama riti 2: 49-55.]

Dulko, Ruth: Studien zur isländischen Lyrik der Gegenwart. Breslau, Verlag Priebatschs Buchhandlung, 1941. – *Zeitschrift für deutsches Altertum um deutsche Literatur* 80: 27, *Frón* 1: 180-84, *Helgafell* 3 (1944): 145-47. [Ritd. M.J.]

1945

Die Grundnormen des Handels bei den Isländern heidnischer Zeit. – *Beiträge zur Geschichte der deutschen Sprache und Literatur* (Halle) 68: 139-84.

Opið bréf til ‚Politiken‘. – *Morgunblaðið* 18.7., *Tíminn* 20.7.

Við ánauð nazista og ógnir stýrjaldarinnar. Þegar Þýzkaland gafst upp. Viðtal við dr. Matthías Jónasson. – *Tíminn* 31.7.

Sigurður Thorlacius. In memoriam. – *Þjóðviljinn* 25.8. – *Menntamál* 18: 121-22 [hluti greinarinnar].

1946

Lokuð sund. Ferðasögur nokkurra Íslendinga frá Þýzkalandi. Matthías Jónasson safnaði og bjó til prentunar. Rv., Ísafoldarprentsmiðja. 185 s.

Ritd. Árni Óla. *Morgunblaðið* 18.7. – Steindór Steindórsson. *Nýjar kvöldvökur* 39: 142. – Óhöfgr. *Tíminn* 28.8.

Hið örlagaþrungna já. – *Stígandi* 4: 5-31.

Siðgæði og tækni. – *Stígandi* 4: 90-101.

Úrkynjun eða menntun? – *Stígandi* 4: 243-59.

Nokkur orð um nýju fræðslulöggjöfina. – *Morgunblaðið* 13.11.

1947

Athöfn og uppeldi. Rv., Hlaðbúð. 319 s. (Hugur og heimur, 2.)

Ritd. Ármann Halldórsson. *Menntamál* 20: 112-14. – Bragi Sigurjónsson. *Stígandi* 5: 221. – Hannes J. Magnússon. *Heimili og skóli* 6: 88. – Símon Jóh. Ágústsson. *Skírnir* 121: 229-31.

Samvinnumöguleikar heimilis og skóla. – *Heimili og skóli* 6: 73-79, 96-102. [Kafli úr bókinni Athöfn og uppeldi.]

Dr. Erich Nagel. Minning. – *Morgunblaðið* 27.3.

1948

Afmælissýning Miðbæjarskólans. – *Morgunblaðið* 9.6.

Símon Jóh. Ágústsson: Rökfræði. Rv. Hlaðbúð, 1948. – *Skírnir* 122: 232-36. [Ritd. M.J.]

Steingrímur Arason: Mannbætur. Rv., Ísafoldarprentsmiðja, 1948. *Morgunblaðið* 16.3. [Ritd. M.J.]

1949

Verknámsdeild. Nokkrar athugasemdir og tillögur. – *Menntamál* 22: 1-44.

Nokkur orð um Barnaverndarfélag Reykjavíkur. – *Menntamál* 22: 148-55.

Á að bjarga börnunum? – *Syrpa* 3: 114-18.

Er hvernd án hersetu möguleg? – *Tímarit Máls og menningar* 10: 16-22.

Hervernd eða hlutleysi? – *Þjóðvörn* 27.1.

Þjóðvörn. 1.-32. tbl. [Í ritnefnd ásamt tíu öðrum.]

1950

Mannúðarhugsjón kristindómsins. – *Heimili og skóli* 9: 123-27.

Ágúst H. Bjarnason: Saga mannsandans. 1-2. Rv., Hlaðbúð, 1949. – *Tímarit Máls og menningar* 11: 149-153. [Ritd. M.J.]

Stefán Jónsson: Margt getur skemmtilegt skeð. Skáldsaga. Rv., Ísafoldarprentsmiðja, 1949. – *Morgunblaðið* 7.2. [Ritd. M.J.]

1951

Móðurmálsnám. – *Tímarit Máls og menningar* 12: 228-49.

Ágúst H. Bjarnason: Saga mannsandans. 3. Hellas. Rv., Hlaðbúð, 1950. – *Tímarit Máls og menningar* 12: 196-201. [Ritd.]

1952

Kennaramenntun við Háskóla Íslands. – *Menntamál* 25: 117-27.

1953

Frá námsdvöl í Sviss. – *Menntamál* 26: 58-63. [Bréf til Matthíasar Jónassonar frá Birni Gestssyni; formáli M.J., 2. 58-59.]

1954

Fyrirspurn til Kristjáns J. Gunnarssonar yfirkennara. – *Morgunblaðið* 26.3. [Ritað í tilefni af viðtali við K.J.G. í *Morgunblaðinu* 24.2. – Svar K.G.J. í *Morgunblaðinu* 27.3.]

Prófessor Símon Jóh. Ágústsson fimmtugur. – *Morgunblaðið* 28.9.

Er hljóðaðferðin úrelt í lestrarkennslu? – *Morgunblaðið* 21.10. [Ritað í tilefni af grein eftir Ólaf Gunnarsson í *Vísi* 1.-2.10. – Svar Ó.G. í *Morgunblaðinu* 25.11.]

Hættuleg lestrarkennsla? – *Morgunblaðið* 9.12. [Svar við grein Ólafs Gunnarssonar í *Morgunblaðinu* 25.11. – Svar Ó.G. í *Morgunblaðinu* 5.2 1955.]

Pearl S. Buck: Barnið sem þroskaðist aldrei. Þýðendur: Jón Auðuns, Matthías Jónasson, Símon Jóh. Ágústsson. Gefið út af Barnaverndarfélagi Reykjavíkur. Rv., Hlaðbúð. 78 s.

1955

Nýjar menntabrautir. 1. Rv., Heimskringla. 218 s.

Ritd. Broddi Jóhannesson. *Menntamál* 28: 265-69. – Símon Jóh. Ágústsson. *Skírnir* 129: 211-217.

Tvær leiðir í lestrarkennslu. – *Morgunblaðið* 18.3. [Ritað í tilefni af grein Ólafs Gunnarssonar í *Morgunblaðinu* 5.2. – Svar Ó.G. í *Morgunblaðinu* 31.3.]

„Aðgát skal höfð.“ – *Morgunblaðið* 23.11.

1956

Greindarþroski og greindarpróf. Rannsókn á greindarþroska íslenzkra skólabarna ásamt greindarprófkerfi. Rv. Gefið út af menntamálaráðuneytinu. 310 s.

Ritd. Broddi Jóhannesson. Menntamál 30 (1957): 188-90.

Skipulag sálfræðipjónustu í skólum. Sameiginleg ályktun Norska uppeldisfræðingafélagsins og Norska sálfræðingafélagsins. Dr. Matthías Jónasson þýddi. – *Menntamál 29: 38-45.*

1957

Námserfiðleikar barna og sálfræðipjónusta í skólum. – *Menntamál 30: 2-24.*

Tvær lestrarkennsluaðferðir undir sænskri smásjá. – *Menntamál 30: 146-61.*

Nýjar leiðir í uppeldi erfiðra barna. – *Heimili og skóli 16: 49-57.*

1958

Mittisskýlan. Hugleiðingar um Roðasteinin og prentfrelsið. – *Morgunblaðið 7.5.*

1958-1960

Þú og barnið þitt. – *Vikan 39. – 47. tbl. 1958; 1. – 22., 24. – 50. tbl. 1959; 2., 4. – 30. tbl. 1960. [Alls 86 greinar um uppeldi og samfélagsvandamál.]*

1959

Erfið börn, sálarlíf þeirra og uppeldi. Matthías Jónasson sá um útgáfuna. Barnaverndarfélag Reykjavíkur gaf út. *Rv., Hlaðbúð, 197 s. [Ritstjórn. – Önnur hlutdeild: 1. kafli. Heilbrigð þróun barnsins, s. 9-31. 9. kafli. Námserfiðleikar tornæmra barna, s. 158-78.]*

Ritd. Broddi Jóhannesson. Menntamál 33 (1960): 82-84.

Sólhvörf. Bók handa börnum. Matthías Jónasson sá um útgáfuna. *Rv., Barnaverndarfélag Reykjavíkur. 80 s.*

1960

Erfið börn. – *Heimili og skóli 19: 16-19. [Kafli úr ritgerðinni Heilbrigð þróun barnsins í bókinni Erfið börn.]*

Schmid, Carlo: Maðurinn í sögutúlkun Macchiavellis. Matthías Jónasson þýddi. – *Andvari. Nýr flokkur 2: 47-58.*

1960-1961

Þekktu sjálfan þig. – *Vikan 31. – 39., 41. – 52. tbl. 1960; 1. – 31., 33. – 48., 50. – 52. tbl. 1961. [Alls 71 grein um sálarlíf og samfélagsmenningu.]*

1961

Sálvísindi í nútíma samfélagi. – *Vísindin efla alla dáð. Afmæliskeiða til Háskóla Íslands 1961. Gefið út af Bandalagi háskólamanna. Rv., Hlaðbúð. s. 51-68.*

Vernd. Guðmundur Ingvi Sigurðsson, Matthías Jónasson, Sigríður J. Magnúsdóttir og Þóra Einarsdóttir sá um útgáfuna. *Rv., Félagasamtökin Vernd. 72. s.*

Hugsjónir og raunveruleiki. Svar til Jóhanns Hannessonar, prófessors. – *Morgunblaðið 7.6. [Grein J.H., Um „sálarleysi“, kúgun og frelsi kvenna, birtist í Morgunblaðinu 7.5.]*

Sýndardyggið og siðgæði hjartans. Lokasvar til sr. Jóhanns Hannessonar. – *Morgunblaðið 22.8. [Grein J.H., Hugsjónasaga og hið nýja siðgæði, birtist í Morgunblaðinu 14.7.]*

Zdeněk Picha: Eðli sálarorkunnar, tilgangur hennar og þýðing. Þýðandi: Matthías Jónasson. – *Menntamál 34: 105-12.*

1962

Þú og samfélagið. Formáli [fyrir þremur erindum, sem flutt voru á landsfundum Landssambands íslenskra barnaverndarfélaga]. – *Andvari. Nýr flokkur 4: 149-50.*

Afstaðan milli kynslóðanna. – *Andvari. Nýr flokkur 4: 160-70.*

Pú og samfélagið. Sérprentun úr *Andvara* 1962. Rv., Landssamband íslenskra barnaverndarféлага. 30 s. [Eftir M.J.: Formáli, s. 3-4; Afstaðan milli kynslóðanna, s. 14-24. – Sjá síðustu tvær færslur.]

Sólhvörf. Bók handa börnum. Matthías Jónasson sá um útgáfuna. Rv. Barnaverndarfélag Reykjavíkur. 80 s.

Ljós og skuggar undir Berlínarmúrnum. – *Vikan* 52. tbl., s. 10-11, 43.

Stutt skýrsla frá þingi O.E.E.C., Kungälv, 11.-16. júní 1961. – *Menntamál* 35: 74-79. [Ásamt Sveinbirni Sigurjónssyni.]

1962-63

Sálarkreppur og sálgreining. – *Vikan* 1., 3., 5., 7., 11., 13., 15., 17., 19., 21., 23., 25., 27., 31., 35., 38., 40., 42., 44. tbl. 1962; 1., 5. tbl. 1963. [Alls 21 grein.]

Veröld milli vita. Rv., Almenna bókafélagið. 194 s.
Ritd. Sigurjón Björnsson. *Skírnir* 138: 272-73.

Greinargerð um áhrif vinnutímalengdar á vinnuþrek og afköst. Samin að tilhlutan Vinnutímanefndar [Alþingis] 1964. 90 s., 5 línurit. [Fjölrít.]

Sigurjón Björnsson: Úr hugarheimi. Þættir um afbrigðilega og klíníska sálarfræði. Rv., Heimskringla, 1964. – *Tímarit Máls og menningar* 25: 413-18. [Ritd. M.J.]

1965

Dreifing greindar í þjóðfélagi og skóla. – *Menntamál* 38: 189-91. [Útdráttur úr erindi á 19. norræna skólamótinu, Rv. 1965. – Sjá færslu við árið 1970.]

1966

Lækningaheimili fyrir taugaveikluð börn. – *Geðvernd* (1) (2): 6-8.

Flyzt menntun barnakennara í háskólana? – *Morgunblaðið* 4.8.

Æskan og ábyrgð vor. – *Lesbók Morgunblaðsins* 13.11., 20.11.

1967

Mannleg greind. Þróunarskilyrði hennar og hlutverk í siðmenntuðu þjóðfélagi. Rv., Mál og menning. 304 s.

Ritd. Gylfi Ásmundsson. *Skírnir* 142 (1968): 164-66. – Kristinn Björnsson. *Morgunblaðið* 27.2 1968. – Sigurjón Björnsson. *Menntamál* 40: 261-64.

Leitað svara. – *Heimili og skóli* 26: 14-16. [Svar M.J. við spurningum ritstjóra tímaritsins um uppeldismál.]

1968

Áhrif keppimarks á áhugann í námi. – *Menntamál* 41: 4-22.

Landsprófið og vandi þess. *Lesbók Morgunblaðsins* 5.5.

Geðheilsa og skólamál. Útdráttur úr fyrirlestri dr. Matthíasar Jónassonar uppeldisfræðings, höldnum á vegum Geðheilbrigðisviku Tengla 1968 í Háskóla Íslands 1.11 1968. – *Morgunblaðið* 3.11.

1969

Uppeldi ungra barna. Matthías Jónasson sá um útgáfuna. Barnaverndarfélag Reykjavíkur gaf út. Rv., Heimskringla. 232 s.

Ritd. Gunnar Árnason. *Kirkjuritið* 36 (1970): 41-42. – Jónas Pálsson. *Morgunblaðið* 14.12.

Kynhegðunardeila innan kaþólsku kirkjunnar. – *Lesbók Morgunblaðsins* 19.1.

Uppeldisfræðikennsla við H.Í. – *Þjóðviljinn* 29.6.

Greinargerð vegna lagafrumvarps um prófessorsembætti í ættfræði. *Morgunblaðið*, *Tíminn* og *Þjóðviljinn* 27.4 [Ásamt Helga Guðmundssyni, Hreini Benediktssyni og Sveini Skorra Höskuldssyni.]

Skólasjónvarp á skökkum stað. – *Morgunblaðið* 10.12.

1970

Intelligensens spredning i samfund og skole. – *Det nittende nordiske skolemøde i Reykjavík*, 1965. Rv. 35-47.

Móðurhlutverk og menntunarviðkvæmni. – *Heimili og skóli* 29: 49-55.

Tengslaróf við náttúruna. – *Foreldrablaðið* 26 (1): 4-7, *Morgunblaðið* 18.10.

Gildi persónuleikans. *Örvar-Oddr* 61 (2): [20-23].

1971

Nám og kennsla. Menntun í þágu framtíðar. Rv., Heimskringla. 343 s. [Ásamt Jóhanni S. Hannessyni, sem reit 16. kafla, s. 265-95, og Guðmundi Arnlaugssyni, sem reit 17. kafla, s. 296-320.]

Ritd. Sigurjón Björnsson. *Tímarit Máls og menningar* 32: 329-32.

1973

Sólvörð. Bók handa börnum. Matthías Jónasson sá um heftið. Rv., Barnaverndarfélag Reykjavíkur. 79 s.

1974

Persónuleiki skólabarnsins. Matthías Jónasson sá um útgáfuna. Barnaverndarfélag Reykjavíkur lét semja þessa bók af tilefni af aldarfjórðungs áfanga í starfi sínu. Rv., Iðunn. 273 s. [Eftir M.J.: Formáli, s. 5-8; Inngangsorð, s. 11-21; Leikhneigð og leikir, s. 66-86; Ímyndunarafl og sköpunargáfa, s. 144-66.]

Ritd. Anna Snorradóttir. *Húsfreyjan* 26 (2) (1975): 3-6. – Bernharð Haraldsson. *Heimili og skóli* 34 (2) (1975): 40-41.

1976

Frumleg sköpunargáfa. Vaxtarsproti og aflavaki í þróun menningarinnar. Rv., Heimskringla. 330 s.

Ritd. Erlendur Jónsson. *Morgunblaðið* 15.5 1977. – Sigurjón Björnsson. *Tímarit Máls og menningar* 38 (1977): 215-19.

Dr. Símon Jóh. Ágústsson. Minning. – *Morgunblaðið* 9.12.

Páll Skúlason: Hugsun og veruleiki. Brot úr hugmyndasögu. Rv., Hlaðbúð, 1975. – *Tímarit Máls og menningar* 37: 200-203. (*Ritd.* M.J.)

Símon Jóh. Ágústsson: Börn og bækur. 1-2. Rv., Bókaútgáfa Menningarsjóðs, 1972-1976. – *Tímarit Máls og menningar* 37: 411-15. [*Ritd.* M.J.]

1978

Sigurjón Björnsson and Wolfgang Edelstein, in collaboration with Kurt Kreppner: Explorations in social inequality. Stratification dynamics in social and individual development in Iceland. Berlin 1977. (Max-Planck Institut für Bildungsforschung. Studien und Berichte, 38). – *Tímarit Máls og menningar* 39: 328-36. (*Ritd.* M.J.)

1980

Schülerpersönlichkeit und Ausbildungsforderung der Gesellschaft. – *Sinn und Geschichtlichkeit. Werk und Wirkungen Theodor Litts*. Hrsg. von Josef Derbolav, Clemens Menze, Friedhelm Nicolin. Stuttgart, Klett-Cotta. s. 269-66.

Frelsi þitt og friðhelgi náungans. – *Morgunblaðið* 18.1.

Opið bréf til útvarpsráðs vegna lesturs bókarinna Þjófur í Paradís. – *Tíminn* 4.1., *Þjóðviljinn* 4.1 (leiðr. 8.1), *Morgunblaðið* 5.1, *Dagblaðið* 8.1 [Ásamt Brodda Jóhannessyni, Helga Hálfánarsyni, Jóhanni Gunnari Ólafssyni og Jóni úr Vör.]

1981

Fílabeinsturn yfirvaldsins. – *Morgunblaðið* 13.6. [Ritað vegna áforma um að leggja niður meðferðarheimili fyrir taugaveikluð börn.]

Sigurjón Björnsson: Börn í Reykjavík. Rannsóknaniðurstöður. Rv., Íðunn, 1980. – *Tímarit Máls og menningar* 42: 241-47. [Ritd. M.J.]

1982

Gildi persónuleikans. – *Lesbók Morgunblaðsins* 23.1. [Endurpr. greinar sem birtist í *Örvar-Oddi* 1970.]

Undanfarandi ritaskrá lýkur 1982, á árinu sem Matthías varð átttræður. Eftir það – og um þær mundir - má finna eftirtaldar greinar um og eftir Matthías Jónasson á tímarit.is.

1983

„Eðli drauma.“ eftir Matthías Jónasson. – *Morgunblaðið* 6.12. [ritfregn.]

Ritd. – Sigurjón Björnsson: *Tímarit Máls og menningar* 46: 133-135. – Örn Helgason. *Skírnir*, 159. árg., 1. tbl., bls. 324-327.

Heimildir „Að handan“. *Morgunn* 64. árg., 1. tbl., 5-61.

1984

Mælt mál og málvöndun. – *Morgunblaðið*, 33. tbl., 10.2, bls. 30.

Námskröfur skólans og freistingar skemmtanatízkunnar (meðal annarra greina um skóla- og uppeldismál), *Lesbók Morgunblaðsins*, 34. tbl., 22. desember, bls. 8-9.

Minnisstæð kennslustund. *Lesbók Morgunblaðsins*, 11. tbl. 17. mars 1986, bls. 11-12.

1985

NT. Á að leggja ríkisrekið skólakerfi niður? Dr. Matthías Jónssonar segir álit sitt. [Vísan í útvarpsviðtal við Arthúr Björgvin Bollason.] 16.3.

Eðli drauma. Viðtal í *Morgunblaðinu* 3. febrúar 1985, bls. 38-39.

1986

Aristóteles: Um *sálima*. Sigurjón Björnsson þýddi. Hið íslenska bókmenntafélag 1985.

Ritd. Matthías Jónasson. *Tímarit Máls og menningar*, 47. árg., 1. tbl., 117-120.

Draumar í Íslendingasögum. – *Tímarit Máls og menningar*. 47. árg., 4. tbl., 1986, bls. 470-79.

Tvö sjónarmið í persónuleikarannsóknum. Í *Gefið og þegið*. Afmælisrit til heiðurs Brodda Jóhannessyni sjötugum. Reykjavík. Íðunn, 1976. Ritstj. Þuríður J. Kristjánsdóttir. Bls. 298-299.

Barnaverndarfélagið hættir störfum. dr. Matthías Jónasson stofnandi félagsins afhendir Kvennaathvarfinu 55.000 sem voru í sjóði félagsins. *Alþýðublaðið*, 23. október 1986, bls. 2.

Heimilissjóður taugaveiklaðra barna. *Morgunblaðið*, 15. nóvember 1986, bls. 19.

Viðbótarefni (úr minningargrein Brodda Jóhannessonar um Matthías í *Morgunblaðinu* 21.3 1990):

Systkinin í Reykjarfirði voru tólf að tölu. Matthías var hið sjötta í röðinni. Hefur verið all fjölmennt á heimilinu og búið þurft margs við. Jónas bóndi var hneigður til landbúskapar og

búfræðingur frá Hólaskóla. Honum var falin hreppstjórn með margháttuðum umsvifum innan sveitar, er töf varð að, og hlaut sérhver starfhæf hönd á bænum að skila sínu verki. Bræðurnir fóru allir ungir á sjóinn, enda af sægörpum komnir í móðurættina. Reyndust þeir harðfengnir og framgjarnir sjómenn. Þegar eldri bræður Matthíasar fluttu að heiman, varð hann að sínum hluta fyrirvinna heimilisins. Ekki þótti vel fara á því, að ófermdir sveinar sæktu sjó, en fermingin var bundin við fjórtán ára lágmarksaldur. Þó mátti sækja um undanþágu og var Matthías veitt hún og hann fermdur þrettán ára gamall. Var honum þá ekki lengur neitt að vanbúnaði að sanna deili á sér á sjónum. Að vísu vann hann heima á vetrum fyrstu árin. Síðar stundaði hann sjóinn alfarið um skeið. Er hann hafði einn um tvítugt, réðst hann á togara og gegndi þeim starfa til tuttugu og fjögurra ára aldurs.

Snemma hneigðist hugur Matthíasar til bóknáms, en bernskuheimilið mátti illa án liðsinnis hans vera. Því tókust á um hann árum saman heit löngun til náms og þegnlyndi hans við heimili sitt. Hann varð brátt eftirsóttur aflamaður og gat valið um skiprúm. Því voru kostir þeir næsta ljósir, er hann átti um að velja: Hann hafði afl til hvors er heldur var, að verða heimili sínu að drjúgu liði eða verja arði vinnu sinnar í þá skólagöngu, er hugur stóð til.


Er hann hafði stundað sjóinn í áratug, var hann einráðinn í að láta þeim kafla lokið, en byrja annan nýjan. Þá ollu því spjöll á mannvirkjum af ofviðrissökum heima í Reykjarfirði, að hann frestaði námi um eitt ár. Skólagöngu sína hóf hann því tuttugu og fjögurra ára gamall. Dvaldist hann þá vetrartíma við nám hjá séra Böðvari Bjarnasyni á Rafnseyri. Samtímis honum þar voru tveir piltar, er hugðust ganga menntavegin, sem svo var kallað. Komu þeir sér saman um að hagræði mundi vera að því að fá kennara til Bíldudals veturinn eftir. Það tókst og nutu þeir tilsagnar tveggja stúdenta fyrri hluta vetrar. Gaf það góða raun.

Undir vorið héldu Arnfirðingarnir þrír til Akureyrar á fund Sigurðar Guðmundssonar skólameistara. Tók hann þeim vel og bauð þeim að sitja í tímum fram að prófum og kynnst því, hvers þeir mættu vænta af kennslu og skólabrag. Þeim farnaðist vel.

Matthías lauk gagnfræðaprófi um vorið og settist í fjórða bekk næsta haust. Þetta var árið 1928. Skólinn bar þá enn nafnið Gagnfræðaskólinn á Akureyri, en hann átti rökstudda von í réttindum menntaskóla, og fyrstu stúdentsefnin að norðan höfðu þreytt próf sitt í Menntaskólanum í Reykjavík, en lokið námi á Akureyri. Vorið eftir lauk Matthías prófi upp úr fjórða bekk, en þreytti próf fimmta bekkjar og settist í sjötta bekk haustið 1929. Stúdentssprófi lauk hann með góðri fyrstu einkunn vorið 1930 eftir tveggja vetra nám innan veggja í sex ára skóla, elztur í hópi fimmtán bekkjarbræðra.

Heimildir:

- Drög Gylfa Ásmundssonar að Sálfræðingatali.
- Íslenskir samtíðarmenn, síðara bindi K-Ö viðbætir (ritstj. Jón Guðnason og Pétur Haraldsson), bls. 87. Reykjavík. Bókaútgáfan samtíðarmenn, 1967.
- dr. Matthías Jónasson. Uppeldisvísindalegar rannsóknir. *Útvarpstíðindi*, 13. tölublað, 5. 11 1945, bls. 295-296.
<https://timarit.is/page/5226903?iabr=on#page/n6/mode/2up/search/%22matth%C3%ADa%20j%C3%B3nasson%22>. Sótt 29.1 2020.
- Sigrún Matthíasdóttir í Íslendingabók. Sótt 29.12 2019.
- Gabriele Jónasson í Íslendingabók. Sótt 29.12 2019.
- Míningargreinar um Matthías Jónasson í *Morgunblaðinu* 21. mars 1990 eftir Brodda Jóhannesson, Jónas Pálsson og Kristin Björnsson og í sama blaði 22.3 eftir Sigurjón Björnsson og Hugo Þórisson fyrir hönd Sálfræðingafélags Íslands.



Viðtal við prófessor Matthías Jónasson: „Að ráða við raunverulega örðugleika, ekki draga fjöður yfir þá.“

Fréttabréf Sálfræðingafélags Íslands, 1. tbl., 8. árg., janúar 1986. Í ritnefnd voru Einar Gylfi Jónsson, Jóhann Thoroddsen og Oddi Erlingsson (ábm.)

VIÐTAL VIÐ PRÓFESSOR MATTHÍAS

3

"AD RÁÐA VIÐ RAUNVERULEGA ÖRDUGLEIKA, EKKI DRAGA FJÓÐUR YFIR ÞÁ"



Dr. Matthías Jónason er fæddur og uppalinn í Reykjavíri í Suburfjarðarhræppi í Barðastrandasýslu. Hann lauk doktorsprófi í uppeldisfræði við háskólann í Leipzig árið 1935. Heima og erlendis hefur dr. Matthías lagt stund á rannsóknir, kennslu og fræðileg ritstörf, en auk þess sinnt uppeldisfræðilegri ráðgjöf og félagsmálum. Hann var skipaður fyrsti prófessor í uppeldisfræði við Háskóla Íslands árið 1957. Afmælisrit, ATHÖFN OG ORD, helgæð dr. Matthíasi áttæðum þann 2.9.1982, hefur að geyma ýtarlega skrá yfir greinar, ritgerðir og bækur hans.

HYERNIG STÓÐ Á ÞVÍ AÐ PILTUR ÓR AFSKEKKTU SJÁYARÐORPI FÓR Í LANGSKÓLANÁM?

Á þessum árum var erfitt að komast til náms vegna lítilla efna, enda voru skólar þá fáir. Faðir minn bjó á lítilli jörð og hafði engin tók á að senda börnin í skóla. Það lá því beinast við að ég færi á sjóinn. Það var haft eftir Árna Friðrikssyni fiskifræðingi að til að kosta sig til náms þyrfti að draga a.m.k. 5 þúsund þorska. Ég dró nú reyndar gott betur. Það varð mitt hlutskipti að vera öll unglingsárin og fram á fullorðinsár á skakskútu. Ég var orðinn 23ja ára þegar ég leitaði eftir því við séra Böðvar Bjarnason að hann tæki mig í unglingskóla sinn á Hrafnseyri. Hann tók því treglega í fyrstu, fannst ég vera orðinn of gamall, tók mig þó einn vetur til reynslu.

HYERNIG GEKK NÁMIÐ?

Ég lauk 1. bekkjarnámi þennan vetur, en síðan tókum við okkur saman þrjár strákar og fengum ungan stúdent frá Reykjavík, Jónatan Halvarðsson, síðar lögreglustjóra og hæstaréttardómara, til að kenna okkur næsta vetur og lukum gagnfræðaprófi um vorid. Ákveðna lágmarkseinkunn þyrfti til að komast í efri deild, þetta var því sama prófið og landsprófið, sem síðar var lögfest. Vorid 1930 lauk ég svo stúdentsprófi.

VAR ÞAÐ Í MENNTASKÓLA SEM ÁHUGI PINN Á UPPELDISFRÆÐUM YAKNAÐI?

Ég hef évallt haft áhuga á manningum og eðli hans. Sjálfur vissi ég lítið um fræðigreininna nema það að hún snerti manning. Ég var nokkuð einn á báti með þetta námsáform og bekkjarbræðurnir spurðu hvort

uppeldisfræði væri ekki saga.

HYERS YEGNA VALDIR ÞÚ ÞÝSKALAND SEM NÁMSLAND?

Það var til síðs á þessum tíma að fara til Þýskalands sem þá var Weimar-ljðveldið. Þýskir háskólar voru þá í miklu álit. Á Akureyri hafði ég tilfillega fengist við að kenna Þjóðverjum íslensku og þá einkum einum manni sem fékkst við innflutning á rafmóturum, og hjálpaði ég honum m.a. við bréfaskriftir. Ég er hræddur um að ég hafi lært betur þýsku en þjóðverjarnir íslensku. Ég hafði heyrt fara mikið orð af tveimur prófessorum við háskólann í Leipzig og var þegar ákveðinn að fara þangað. Sem námsgreinar valdi ég uppeldisfræði, félagsfræði, sálfræði og heimsspeki, en á þessum árum var námið mjög viðtækt og þessar greinar þóttu of skyldar til þess að ég fengi að taka próf og valdi ég því sögu með.

HYAÐA VIÐHORF VORU ÞÁ RÍKJANDI?

Þetta var á árunum áður en kenningar nasismans voru almennt viðteknar. Lögð var áhersla á starfrænt nám, þ.e. að þær greinar sem snéru að hagnýtu námi væru ekki minna virði en þær sem snéru að áframhaldandi fræðinámi. Stefnan sem ég kynntist í uppeldisfræði var svokölluð "kulturpædagogik" sem má rekja til Wilhelms Dilthey. Kenning hans er að maðurinn sé órjúfanlegur hluti peirrar menningar sem hann lifir í. Hann tæki við ákveðnum menningararfi og eigi sjálfur þátt í að móta menningu og nýjar hefðir. Helstu boðberar þessarar stefnu voru m.a. kennarar mínir, prófessorarnir Edward Spranger og Theodor Litt, kennari minn í uppeldisfræði.

ÁTTI ÞESSI HUGMYNDAFRÆÐI UNDIR HÖGG AÐ SÆKJA MEÐ YAXANDI UPPGANGI NASISMANS?

Stúdentar og kennarar skiptust í tvær fylkingar. Annars vegar þeir frjálslýndari og hins vegar þeir sem hrifust af kenningum nasista. Alfred Rosenberg setti fram hugmyndafræði nasismans í miklu riti og það þurfti sterka einstaklinga til að standa á móti straumnum. Það er og hefur ávallt verið sjaldgæft að fólk þori að láta skoðanir sínar í ljós undir slíkum kringumstæðum, en það gerðu m.a. prófessorarnir Theodor Litt í Leipzig og Hans Kuhn í Berlín. Þetta leiddi til þess að þeir misstu stöður sínar. Á þessum tíma var gífurlegt atvinnuleysi í Þýskalandi og mikil örþingð. Þetta ástand var gróðrarrettur fyrir öfgastefnur og fólk var mjög móttækilegt fyrir boðskap nasismans sem bauð atvinnu og almenna velmegun.

OG SYO VARSTU INNLYKSA Í ÞÝSKALANDI.

Þegar stríðið braust út var ég búinn að skrifa doktorsritgerð mína um Pestalozzi. Ég hafði í huga að sækja um Hannesar Árnasonar styrkinn og vera tvö ár við breskan háskóla áður en ég kæmi heim. Reyndar fékk ég styrkinn en lokaðist inni í Þýskalandi öll stríðsárin. Fimm þúsund þorskar hefðu ekki dugað, því ég var þarna í 15 ár. Ég tók við embætti Kuhn og var settur prófessor við háskólann í Berlín. Auk þess sinnti ég ritstörfum og skrifaði nokkrar bækur og greinar. Ég var fyrst og fremst andvígur nasismanum en gætti þess eins og margir fleiri að gefa ekki höggstað á mér, enda var það miklu auðveldara fyrir útlendinga en þýska ríkisborgara.

KOM EKKI TIL GREINA AÐ VERA ÁFRAM Í ÞÝSKALANDI EFTIR STRÍÐ?

Ég vil ekki segja að það hafi aldrei hvarflað að mér og ekki var það heimpráin sem dró mig til Íslands. Heldur hitt að ég tilheyri Íslandi eða eins og Einar Benediktsson segir:

Sé eyjunni borin sú fjöður sem flaug,
skal hún fljúga endur til móðurstranda.

Líka er erfitt að vera uppeldisfræðingur í öðru landi en sínu eigin. Auk þess var Þýskaland í rúst eftir stríðið og ástandið í landinu óþolandi.

HYERNIG LEIST ÞÉR Á UPPELDISMÁL HÉR Á LANDI ÞEGAR ÞÚ KOMST HEIM?

Mér virtust þau í nokkuð góðu horfi og það var gaman að fylgjast með þessum umbrotatímum. Verið var að setja nýja fræðslulöggjöf. Landsprófið kom til sögunnar, sem að mínu mati var rétt hugsað, en útfærslan var röng. Það var mikið óráð að taka þá nemendur út úr í sér bekkir og sér skóla sem ætluðu í menntaskóla. Það varð mikið spenna og samkeppni meðal nemenda og margir lásu meira en heilsan leyfði. Prófið varð eins konar grúla, það þótti mikil hneisa að falla á landsprófi. Þetta varð til þess að nemendur unnu ekki af eigin hvötum sem að mínu mati á að vera grundvöllur alls skólanáms. Annars hafði ég ekki mikil afskipti af uppeldismálum fyrst eftir að ég kom heim, nema að ég flutti Hannesar Árnasonar fyrirlestra, fyrst í Háskóla Íslands og síðan í Ríkisútvarpið. Þeir eru fyrsta gerð að bók minni, "Áthöfn og uppeldi".

HYAÐA STÖPF TÓKU VIÐ HÉR HEIMA?

Fyrsta stóra verkefnið var að gera greindarfarslega rannsókn á íslenskum börnum og unglingum og um leið að staðla greindarpróf. Þetta verkefni var unnið á vegum Menntamálaráðuneytisins og tók tíu ár. Líklega hefðu stjórnendur menntamála ekki lagt út í þetta verk ef þeim hefði verið ljóst hve umfangsmikið það var. Fjárframlög til rannsóknarinnar voru veitt á fjárlögum til eins árs í senn, og stundum var tvisýnt um framhaldið, en bjargaðist þó á síðustu stundu. Fjórir ráðherrar sem veittu menntamálaráðuneytinu forstöðu á þessu tímabili stóðu allir fast við þá ákvörðun, að verkefninu skyldi verða lokið. Ég er þeim þakklátur fyrir þessa samkvæmni. Þetta var viðamikil verkefni og auðvitað ekki ætlandi einum manni að vinna, enda naut ég samstarfs við marga sálfræðinga. Ég vil sérstaklega nefna Jónas Pálsson, Kristinn Björnsson, Sigurjón Björnsson, Gunnhildi Snorradóttur og Valborgu Sigurðardóttur. Fyrst var vitanlega að velja gerð prófsins. Ég valdi próf af Binet-gerð og studdist einkum við útgáfur þeirra Termans og Merrill frá 1937. Fjölmiörg viðfangsefni sótti ég þó til annarra eða samdi sjálfur. Ég hafði 9 smápróf eða atriði fyrir hvert prófstig, eða alls 180 smápróf í kerfinu öllu, sem skiptist í 20 stig. Ég vonaði að 2/3 myndu reynast nothæf. Síðan prófuðum við í tilraunaskyni 1300 börn, reiknuðum út árangur þeirra og röðuðum viðfangsefnum samkvæmt þeim niðurstöðum, 6 verkefni á hvert stig, ætluð börnum frá 3-16 ára aldurs. Aðalkönnunin tók síðan til 3700 barna. Þetta voru allt saman einstaklingsprófanir. Ég vil gjarnan skjóta því inn að ég hef litla trú á hópprófum. Ég tel að samtal og leikur við eðlilegar aðstæður gefi besta mynd af greind barnsins. - Eins og nærri má geta var þetta gífurleg vinna, enda tölvurnar ekki komnar til sögunnar og öll tölfraeðileg vinna unnin með pennaum.

6

Og til að leggja áherslu á orð sín sýndi Matthías okkur tvær u.p.b. tveggja metra langar og eins metra breiðar arkir, með skrautskrifuðum yfirskriftum, þétt skrifaðar tölum og gerðar af mikilli vandvirkni og kostgæfni. Yfir þessum örkum hvíldi einhver andbær sem tölvurnar munu aldrei ná. Þetta var aðeins sýnishorn af mun stærra verki.

Og Matthías bætir við: Ég sé að sumu leyti eftir þeim tíma sem í þetta fór, en samt get ég ekki neitað því að ég lærði mikið á þessu. - Þetta var svipað og með íslenskukennsluna á Akureyri forðum.

OG SYD VARSTU MEÐ EINKAPRAXIS?

Það var svolítið leitað til mín og ég opnaði viðtalsstofu og var með hana í 10-12 ár. Það var ekki af gróðasjónarmiðum sem ég var að þessu, heldur vakti kannski fyrir mér að sýna hvað hægt væri að gera. Því miður bar þetta ekki þann árangur sem ég hafði vonað. Alltof mikill tími fór í dauðar prófanir á mjög andlega fötluðum börnum, sem nánast ekkert var hægt að gera fyrir á þessum árum. Ástandið í málum vangefna barna var hörmulegt. Fyrir stríð var gerð könnun á þessum málum og kom í ljós að tveir staðir voru til fyrir vangefna. Annar var Málleysingjaskólinn í Reykjavík - ykkur misheyrðist ekki - þar voru vistaðir vanvitar, börn með atferliserfiðleika og heyrnarlaus börn, sum hver mjög greind. Málökuerfiðleikar var það eina sem þessi börn áttu sameiginlegt. Hinn staðurinn var Kleppjárnsreykir í Borgarfirði og þar ægði líka öllu saman. Um þessar kannanir gerði ég skýrslu fyrir Menntamálaráðuneytið og benti á að ástandið væri óþolandi. Hins vegar komu líka til mín börn sem ég gat aðstoðað. Ég var sá eini sem bauð upp á sálfræðileg viðtöl þar til Sigurjón Björnsson kom alfaríð heim, en eftir að Geðverndardeild var sett á stofn við Heilsuverndarstöð Reykjavíkur fannst mér ástæðulaust að vera að sperra mig við að halda opinni einkastofu.

PRÓFESSOR EYSENCK VAR HÉR FYRIR SKÖMMU OG VORU ÞÁ KENNINGAR HANS UM ERFÐAPÁTT GREINDAR MJÖG Í SYDÍSLJÓSINU. HVAÐ FINNST ÞÉR UM KENNINGAR HANS?

Maður ætti ekki að falla á kné fyrir hverri nýjung. Eysenck heldur því fram að hinn skapandi þáttur greindar sé erfður. Hann var reyndar ekki fyrstur með þessa kenningu því R.B. Kattel benti fyrr á "culturefree and crystalized intelligence". Þetta vandamál hefur gengið öfganna á milli og þó Eysenck sé mjög vandaður fræðimaður þá trúi ég ekki að hann sé kominn með endanlega lausn á því. Ég hef reyndar ekki trú á að hægt sé að greina að erfðapáttinn og umhverfispáttinn svo vel sé. Annars er ég enginn ofsatrúarmaður á greindarpróf. Vinna mín að þeim hefur sannfeert mig um að maður skyldi fara varlega og ekki ofmetnast. Ég er andvígur því að geina mannlegt eðli í þætti.

NÆSTA BÓK EYSENCKS Á AÐ HEITA "RISE AND FALL OF THE FREUDIAN EMPIRE". HVERNIG LÝST ÞÉR Á ÞAÐ?

Eysenck ætlar að ganga af Freud dauðum, en Freud ætti nú að vera farinn að venjast því.

ÞÚ VARST FRUMKYÖÐULL AÐ STOFNUN BARNAYERNDARFÉLAGS REYKJAVÍKUR?

Það má segja að kveikjan hafi verið sumarið 1949 er ég hélt fyrirlestur á uppeldismálapingi og benti á að mörg börn verða undir í okkar samfélagi. Upp úr þessu óx hreyfing sem leiddi til stofnunar

Barnaverndarfélag Reykjavíkur. Nú, "fíflinu skal á forraðið etja", og ég varð fyrsti formaður þess og var það reyndar í 25 ár. Yið vorum mest að hugsa um að vekja athygli á því sem miður færi, benda á að börn þyrftu meiri aðhygningu við en þau nytu. Meðal annarra áhugamála okkar var að stofna heimili fyrir taugaveikluð börn, en það merkilegasta tel ég vera að við veittum styrki til sérnáms erlendis, t.d. til náms í tálkennslu og kennslu vanþroska barna. Yið tögðum áherslu á vekjandi starfsemi og héliðum t.d. árlega vel sóttu fræðslufundi.

ÞÚ ERT BRAUTRYÐJANDI VIÐ UPPELDISFRÆÐIKENNSLU VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS.

Ég var a.m.k. fyrsti prófessorinn í fræðigreininni og þetta var á margan hátt mjög ánægjuleg kennsla. Þetta var ekki skyldugrein til B.A. prófs og fólk kom af áhuga og frjálsum vilja. Þess vegna fékk ég mjög skemmtilega og greinda stúðenta.

ÞÚ HEFUR YERIÐ MJÖG AFKASTAMIKILL Í RITSMÍÐUM. HVAÐ LIGGJA EFTIR ÞIG MARGAR BÆKUR?

Það væri nú kjánalegt að segja að þær væru svo margar að ég hefði ekki tölu á þeim. Ætli það sé ekki rúm tylft sem ég hef skrifað af bókum. Fyrir stríð gaf ég út leiðbeiningarþesa um barnaupplendi og 3 rit sem gefin voru út í Þýskalandi. Svo sá ég um útgáfu rita fyrir Barnaverndarfélagið. Það voru reyndar margir sem skrifuðu þær og ég var eins konar ritstjóri. Ég hef ávallt verið svo heppinn að eiga gott með að fá fólk til að vinna með mér. Annars ætla ég ekki að tunda það hér sem ég hef skrifað, því er hægt að fletta up.

ER EITTHYERT GRUNÐVALLARYIÐHORF SEM ÞÚ HEFUR HAFT AÐ LEIÐARLJÓSI Í SKRIFUM ÞÍNUM?

Ég hef ávallt haft áhuga á vitundinni sem nú er kölluð skynsemi. Vitundin er samofin menningu, greind og draumum. Að maðurinn lærði að "objektivera" sína eigin hugsun er upphaf mannlegs eðlis og greinir hann frá dýrunum. Tungumálið er kjarni þessarar hæfni og þar af leiðandi kjarni menningarinnar. Ég trúí ekki á líf eftir dauðann, hins vegar er sálin eilíf í þeim skilningi að við skiljum rit manna sem skrifuðu fyrir 2500 árum. Með öðrum orðum; sál okkar lifir og hæríst í þrotlausri framvindu menningarinnar.

Kant hefur haft mikil áhrif á mig, sérstaklega skipting hans á vitundinni í hreina og praktíska vitund. Loks hef ég haft að leiðarljósi grundvallarboðorð vísindanna; að leitast alltaf við að þjóna sannleikanum. Eða eins og Aristoteles segir: "Ef þú getur ekki sannað skoðanir þínar, þá skaltu sleppa þeim", eða draga a.m.k. lokaályktun varlega.

Á SÍNUM TÍMA LÉSTU MENNTUN KENNARA MIKIÐ TIL ÞÍN TAKA.

Það er ofmælt og væri óverðskuldað hrós. En þó hef ég gefið út nokkrar bækur, sem ég vona að geti komið kennurum að gagni. Og vitanlega hef ég haft áhuga á þeim meginþætti fræðsluferfisins sem menntun kennara er. Það var mikið framfaraspor þegar hún var með stofnun Kennaraháskólans flutt á háskólastig, ef unnt reynist að fylgja því eftir með nauðsynlegum fjárveitingum, þannig að Kennaraháskólinn néi að þróast í samræmi við það leiðandi hlutverk sem honum er ætlað. Eftir stúðentspróf og háskólanám koma kennarar eldri og þroskaðri en áður var til starfa. Ég verð að dást að

Því afreki dr. Brodda Jóhannessonar, að taka við fremur umkomulitlum kenneraskóla og skila honum af sér sem háskóla. Megi það verk blómgastr og leiða til farsældar um langan öldur.

ÞÚ YARST EINN AF STOFNENDUM SÁLFRÆÐINGAFÉLAGSINS.

Félagið fór mjög rólega af stað og það liðu mörg ár frá stofnun þess þangað til við vorum orðnir 10. Við hittumst á rabbfundum, kannski flutti einhver erindi um áhugavert efni, þetta var meira til að hittast og rabba. Þetta var ekki hagsmunafélag, áhuginn var fyrst og fremst fræðilegur. Ég er ánægður með félagið í dag og afskaplega gott hve mikið er komið í það af ungu fólki, og eins er ánægjuleg ásókn sálfræðinga í meiri og sérhæfðari menntun. Ég tel sérfræðinám sálfræðinga mjög æskilegt og eðlilegt að það þróist í tákum farvegi og orðið hefur hjá læknum, enda svari síðareglur sálfræðinga til þeirra, er lækna hafa sett sér.

NÚ FENGU SÁLFRÆÐINGAR KALDAR KYEÐJUR FRÁ NÝSKIPUÐUM MENNTAMÁLARÁÐHERRA ÞEGAR HANN SAGDI AÐ KENRARAR VÆRU HÆFARI EN SKÓLASÁLFRÆÐINGAR TIL AÐ AÐSTOÐA BÖRN Í ERFIÐLEIKUM.

Mér er ekki kunnugt um rök ráðherra fyrir þeirri skoðun, en þó er hún ekki algert nýmæli. Allt fram á síðustu áratugi hefur ekki verið til annarra að leita með þau börn á skólaaldri, sem áttu við atferlisörðugleika eða námsvanda að stríða. Eitt fyrsta verk Sálfræðingafélags Íslands var að vekja athygli yfirstjórnar menntamála á því, að með tilkomu sálfræðinga sköpuðust nýjar og betri aðstæður til að sinna erfiðleikum slíkra barna. Af þeim umræðum spruttu fyrstu sálfræðideildirnar til þjónustu við skólabörn, og þeim fjölgaði er fleiri sálfræðingar höfðu búið sig undir slíkt starf. Sálfræðipjónusta við skólabörn gerist að sjálfsgöðu í náinni samvinnu við kennara og skólastjórn, en með því er ekki sagt að kennari sé best til fallinn og einhlítur að leysa vandann. Vel menntaður og þjálfður sálfræðingur hefur mörg úrræði, sem eru ekki á valdi kennarans eins, þó að samvinna milli þeirra sé æskileg og oft bráðnaðsynleg. Það væri því að mínu viti skref aftur á bak ef til þess kæmi að svipta skólana þeirri stoð sem sálfræðipjónustan er uppekkisstarfi þeirra.

NÚ HAFU RISIÐ UPP DEILUR YEGNA ÚTKOMU KYNFRÆÐSLUBÓKAR FYRIR UNGLINGA. HYAÐ FINNST ÞÉR UM ÞESSAR DEILUR?

Mér finnst þær hafa snúist mest um keisarans skegg og tek ekki afstöðu til þeirra. Hina umdeildu bók hef ég séð, en ekki lesið hana nægilega vel til þess að dæma um gildi hennar. Hins vegar hef ég bent endurtekið á það í ritum mínum, að fræðsla barna og unginga um kynferði og kynlíf er bráð og krefjandi nauðsyn. Og í þeirri fræðslu þarf að nefna hlutina réttum og skiljanlegum nöfnum. Það sýnist mér vera gert í bókinni sem þú hafir í huga. Jafnframt þarf að glæða virðingu unglings fyrir persónuleika og menngildi. Meðan ég var í starfi leituðu ungmenni stundum til mín með kynlífsvanda. Grunnþóinninn í spjalli mínu við þau var þessi: Ef þú ertú fús til og teljið ykkur fær um að bera ábyrgð hvort á öðru, þá er samband ykkar heilbriggt og getur leitt til farsældar. Nú til dags öðlast unglingar sína fyrstu kynlífsreghnsu mun fyrr en áður. Við megum ekki loka augunum fyrir þeirri staðreynd að tímarnir hafa breyst. Okkar hlutverk er að ráða við raunverulega örðugleika, ekki að draga fjöður yfir þá.